

Alþingi
Erindi nr. P 127/501
komudagur 13. 12. 2001

Umhverfisnefnd Alþingis
Helga Þórisdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

11. desember 2001
2001110029/016-1 Umsagnir um
frumvörp

Efni: Stækkun friðlands í Þjórsárverum (8. mál)

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags 16. nóvember sl. þar sem óskað er álitis á tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlands í Þjórsárverum (8. mál). Tillagan er tvíþætt; annars vegar er lagt til að mörkum friðlandsins verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarka. Hins vegar að gerð verði áætlun um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins til suðurs að Sultartangalóni. Efnislega er þessi tillaga samhljóða tillögu sem áhugamenn í Gnúpverjahreppi beindu til Náttúruverndar ríkisins sl. sumar. Eftirfarandi umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er því samhljóða umsögn stofnunarinnar um þá tillögu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er sú afmörkun friðlands sem tillagan gerir ráð fyrir að mörgu leyti eðlilegri en þau sem nú gilda. Hin nýju mörk munu að mestu ná að umlykja það samfellda gróðurlendi (gróðurvin) sem hin eiginlegu Þjórsárver teljast til. Í suðvestri liggja þessi náttúrulegu mörk um Fjórðungssand, þaðan um auðnina vestan og norðvestan við Eyvafen; í norðri um Hofsjökul; í norðaustri við Háumýrar og í austri og suðaustri um hin manngerðu Kvíslavötn.

Með því að færa mörk friðlandsins suður fyrir Fjórðungssand og allt suður að Sultartangalóni bætast við gróðurvinjar á borð við Kjálkaver og Loðnaver sem hvorutveggja eru afar grösugar og mikilvægir varpstaðir, beitolönd og fjaðrafellisstöðvar fyrir heiðagæsir. Jafnframt mun mikil og merk fossaröð í Þjórsá lenda innan marka friðlandsins.

Þjórsárver og nálæg svæði hafa þegar verið skert nokkuð vegna virkjanaframkvæmda; myndaðir hafa verið um 25 km² að manngerðum lónum í austurjaðri þeirra með um 10 stíflum. Margar ár og lækir hafa því orðið fyrir verulegum áhrifum, auk Þjórsár, en vatnsmagn hennar í fyrirgeindum fossum eru nú mun minna en áður. Óumdeilt er að Þjórsárver eru merkasta gróðurvin á hálendi Íslands og langmikilvægasti varpstaður heiðagæsar í heiminum.



Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að stækka mörk friðalands í Þjórsárverum þannig að þau nái til þess samfellda gróðurlendis sem verin eru hluti af. Friðun gróðurvinja neðar við Þjórsár, svo og fossaraðarinnar er einnig æskileg en að mati stofnunar þarf hugsanlega að hnika þeim mörkum sem lagt er til að fylgt verði niður með Þjórsá.

Virðingarfyllt,



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri

